



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vínartónleikar

9., 10. og 11. janúar 2014





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út á Rás 1 sunnudaginn 12. janúar.

Lengd tónleikanna er um það bil tvær klukkustundir.

Hljóðfæraleik á undan tónleikum og í hléi annast Katie Buckley, hörpuleikari og Frank Aarnink, slagverksleikari.

Dansarar á Vínartónleikunum eru Þorkell Jónsson, Denise Yaghi, Höskuldur Þór Jónsson og Margrét Hörn Jóhannsdóttir frá Dansskóla Sigurðar Hákonarsonar.

Dans á rósum sér um blómaskreytingar á Vínartónleikunum en blómin koma frá Grænum markaði.

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Vínartónleikar

Tónleikar í Eldborg 9., 10. og 11. janúar

Peter Guth hljómsveitarstjóri

Hanna Dóra Sturludóttir einsöngvari

Gissur Páll Gissurarson einsöngvari

Johann Strauss yngri

Nótt í Feneyjum, forleikur

Stürmisch in Lieb' und Tanz, polka schnell

úr Das Spitzentuch der Königin

Rosen aus dem Süden, vals

úr Das Spitzentuch der Königin

Jacques Offenbach

Ach wie liebe ich die Soldaten,

úr La Grande-Duchesse de Gérolstein

Franz Lehár

Freunde, das Leben ist lebenswert,

úr Giuditta

Zwanzinette, úr óperettunni Eva

Weiber-Marsch, úr Kátu ekkjunn

Varir þegja, úr Kátu ekkjunn

Hlé

Robert Stolz

Gruß aus Wien, mars

Spiel auf deiner Geige, úr Venus in Seide

Ob blond, ob braun ich liebe alle Frau'n,

úr kvikmyndinni Ich liebe alle Frau'n

Johann Strauss

Neue Pizzicato-Polka, úr Fürstin Ninetta

Sögur úr Vínarskógi, vals

Tik-Tak-Polka, úr Leðurblökunni

Imre Kálmán

Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir,

úr Fjólan frá Montmartre

Höre ich Zigeunergeigen, úr Mariza greifafnú

Jaj Mamám, úr Sardasfurstynjunni

Peter Guth

hljómssveitarstjóri



Peter Guth er íslenskum tónlistarunnendum að góðu kunnur. Hann stjórnar Vínartónleikum Sinfóníuhljómssveitar Íslands nú í þrettánda sinn sem er mun oftast en nokkur annar hljómssveitarstjóri.

Að loknu námi við tónlistarháskólann í Vínarborg lá leiðin til Moskvu þar sem hann nam hjá David Oistrakh næstu þrjú árin.

Á gifturíkum ferli hefur Peter Guth komið víða við sem einleikari, kammermúsíkant, kennari, rithöfundur og síðast en ekki síst hljómssveitarstjóri. Hann var um árabil konsertmeistari Útvarpshljómssveitarinnar í Vínarborg. Árið 1978 stofnaði hann Strauss hátíðarhljómssveitina og hefur leitt hana allar götur síðan með fiðluna í hönd líkt og valsakóngurinn forðum. Sem slíkur hefur hann stjórnað tugum hljómssveita víða um heim, m.a. Konunglegu filharmóníuhljómssveitinni í Lundúnum, NHK Sinfóníuhljómssveitinni í Tókýó, San Francisco Sinfóníuhljómssveitinni og Tonhalle hljómssveitinni í Zürich. Þá hefur hann stjórnað nýjum óperettuuppfærslum bæði fyrir leikhús og sjónvarp. Fjölmargir hljómdiskar eru til með flutningi Guths bæði sem fiðluleikara og stjórnaða. Þá fæst hann við kennslu og hefur skrifað bækur um fiðlutækni.

Frá árinu 2007 hefur Peter Guth gegnt stöðu aðalgeststjórnaða við Söngleikjahúsið í Sankti Pétursborg.

Hanna Dóra Sturludóttir



Hanna Dóra Sturludóttir stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnar við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Lista-háskólann í Berlín. Kennarar hennar þar voru m.a. Dietrich Fischer-Dieskau og Aribert Reimann og útskrifaðist hún með viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Stuttu síðar fékk hún tilnefningu sem efnilegasta söngkona Þýskalands.

Hanna Dóra hefur sungið við mörg helstu óperuhús Þýskalands, meðal annars í Bonn, Weimar, Kassel og Berlín. Á meðal þeirra um það bil 40 hlutverka sem hún hefur túlkað á ferlinum eru Greifynjan (*Brúðkaup Figarós*), Cio Cio San (*Madame Butterfly*), Marie (*Wozzeck*), Miss Jessel (*Tökin hert*) og titilhlutverkið í óperunni *Ariadne auf Naxos* sem hún söng í Íslensku óperunni 2007. Haustið 2010 söng Hanna Dóra *Miss Donnithorne's Maggot* eftir Peter Maxwell Davies í Ríkisóperunni í Berlín og hlaut mikið lof gagnrýnenda.

Hanna Dóra hefur komið fram á tónleikum vítt og breitt um Þýskaland, öðrum Evrópulöndum sem og í Katar og Egyptalandi.

Undanfarin ár hefur Hanna Dóra tekið þátt í fjölmörgum frum-uppfærslum óperusmiðjunnar *Novoflot* í Berlín sem sérhæfir sig í nýrri óperutónlist. Sumarið 2012 var hún í aðalhlutverki í sviðsverkinu *Wagnerin* sem hópurinn setti upp í samstarfi við Ríkisóperuna í München.

Á Íslandi hefur hún haldið fjölda ljóðatónleika og sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands við fjölmörg tækifæri.

Hanna Dóra var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013 fyrir flutning sinn á *Wesendonckljóðum* Richards Wagner með Sinfóníuhljómsveit Íslands síðastliðið vor og fyrir túlkun sína á titilhlutverkinu í *Carmen* eftir Bizet hjá Íslensku óperunni á nýliðnu hausti.

Gissur Páll Gissurarson



Gissur Páll Gissurarson, tenór, á langan feril að baki en aðeins ellefu ára þreytti hann frumraun sína í titilhlutverkinu í *Oliver Twist*. Árið 2001 hóf hann nám við Conservatorio G. B. Martini í Bologna.

Fyrsta óperuhlutverk Gissurarar á Ítalíu var Ruiz í óperunni *Il Trovatore* í Ravenna. Árið 2004 tók hann þátt í uppfærslu á *Così fan tutte*, undir stjórn Claudio Abbado í Ferrara, Reggio Emilia og Modena. Gissur Páll hefur m.a. sungið hlutverk Danilos í *Kátu ekkjunní*, hlutverk Nemorinos í *Ástardrykknum* og Almagiva í *Rakaranum í Sevilla*. Hann hefur einnig sungið í uppfærslum á *Werther* eftir Massenet og *Les Mammelles de Tiresias* eftir Poulenc svo fátt eitt sé nefnt.

Árið 2006 tók Gissur Páll þátt í tveimur alþjóðlegum söngkeppnum á Ítalíu og vann til verðlauna í þeim báðum. Í desember 2010 kom út fyrsta sólóplata hans, *Ideale*, sem hefur verið mjög vel tekið.

Gissur Páll söng hlutverk Rodolfos í uppsetningu Íslensku óperunnar á *La Bohème* vorið 2012 og var í kjölfarið tilnefndur til Grímunnar sem söngvari ársins. Gissur Páll hlaut íslensku tónlistarverðlaunin árið 2012 sem klassíski söngvari ársins.

Nýlega hljóðritaði Gissur tólf þekktar ítalskar óperuaríur með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Petris Sakari.

Um efnisskrána

Leiðarstef Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2014 er „Meistarar óperettunnar.“ Fæðingardagur þessa sívinsæla listforms er 5. júlí 1855 og fæðingarborgin París. Þennan dag opnaði tónskáldið, stjórnandinn og sellóvirtúósinn Jacques Offenbach nýstofnað leikhús sitt Bouffes-Parisiens við þröskuld fyrstu Heimssýningarinnar í París. Opunarverkið var óperetta Offenbachs *Les deux aveugles* (Blindingjarnir tveir). Það var einmitt Offenbach sem hvatti kollega sinn í Vínarborg, Johann Strauss til að reyna fyrir sér á sviði óperettunnar og með frumsýningu *Leðurblökunnar* 1874 hófst gullöld vínaróperettunnar.

Johann Strauss yngri (1825–1899) samdi samtals átján óperettur en þar af eru þrjár ófullgerðar. Langflestar þeirra voru frumfluttar í hinu sögufræga leikhúsi Theater an der Wien og aðeins ein utan Vínarborgar. Óperettan *Nótt í Fenejum* var frumflutt í Berlín árið 1883 og var ástæðan fyrir staðarvalinu sú að Strauss hafði komist að ástarsambandi konu sinnar og leikhússtjóra leikhússins við ána Wien. Óperettan *Das Spitzentuch der Königin* (Blúnduklútur drottningar) sem byggð er á sögu spænska rithöfundarins Cervantes var frumsýnd undir stjórn höfundarins árið 1880 í Theater an der Wien. Óperettan er að mestu horfin af fjölnum en hraði polkinn *Stürmisch in Lieb' und Tanz* (Af ákafa í ást og dansi) op. 393 og valsinn *Rosen aus dem Süden* (Rósir úr suðrinu) op. 388 lifa góðu lífi í tónleikasölum stórum sem smáum.

Jacques Offenbach (1819–1880) fæddist í þýsku borginni Köln en stundaði tónlistarnám við Tónlistarháskólann í París. Fyrsta óperetta hans í fullri lengd var *Orfeus í undirheimum* (1858) sem náði strax miklum vinsældum. Af tæplega 100 óperettum Offenbachs er það hún sem en er oftast flutt. Þá er ófullgerð ópera hans um Ævintýri Hoffmanns sívinsælt viðfangsefni óperuhúsa um víða veröld.

Nótt í Fenejum

Óperustúdíó Íslensku óperunnar flutti óperettu Jóhanns Strauss *Nótt í Fenejum* sex sinnum í Gamla bíói vorið 2006. Flytjendur voru efnilegir söng- og hljóðfæranemendur úr hinum ýmsu tónlistarskólum undir stjórn Daniëls Bjarnasonar.

Káta ekkjan

Óperetta Lehárs *Káta ekkjan* hefur þrisvar sinnum verið sett á fjallirnar í Reykjavík. Fyrst var hún sýnd í Þjóðleikhúsinu með litlum hléum frá 1. júní til 8. júlí árið 1956 og sáu ríflega átjánþúsund manns verkið á 28 sýningum. *Káta ekkjan* laðaði svo til sín á þriðja tug þúsunda sýningargesta í Þjóðleikhúsið árið 1978. Tæpum tveimur áratugum síðar var hún svo aftur mætt en í þetta skipti á fjallir Íslensku óperunnar við Ingólfsstræti við miklar vinsældir.

Varir þegja

Varir þegja vildu segja: Unn þú mér.
Fiðlur hljóma enduróma:
Ann ég þér.
Handtak hlýtt mér tjáir
heitt þú elskir mig.
Eitt er víst, já eitt er víst,
ég elska þig.

Óperetta Offenbachs *La Grande-Duchesse de Gérolstein* (Stórhertogafrúin frá Gérolstein) er ádeila á hugsunarlausu hernaðardýrkun og fjallar um spillta og drottunargjarna aðalskonu sem með tímanum kemst að því að hún fær ekki alltaf vilja sínum framgengt. Í ariunni *Ach, wie liebe ich die Soldaten* (Ó, hve ég elska dátana) dáist hertogafrúin að hermönnum, einkennisbúningum þeirra, skeggi og hugrekki. Helst vildi hún gerast matselja þeirra svo hún þyrfti aldrei að yfirgefa þá.

Óperetta Franz Lehárs markaði upphaf svokallaðrar silfuraldar vinaróperettunnar. Berlín hafði um nokkurt skeið veitt Dónárveldinu verðuga samkeppni með óperettum m.a. eftir Paul Lincke, Eduard Künneke og Ralph Benatzky en ungu mennirnir í Vín voru fljótir að bregðast við og hlýða kalli tímans.

Franz Lehár (1870–1948) lauk við liðlega þrjátíu óperettur auk nokkurra annarra sviðsverka. Af þeim hafa *Brosandi land* og *Káta ekkjan* orðið lífseigastar en stakir molar úr verkum tónskáldsins að ógleymdum valsinum *Gull og silfur* eru vinsælt eyrnakonfekt. Síðasta og umfangsmesta óperetta Lehárs var *Giuditta* og var hún frumflutt í Ríkisóperunni í Vínarborg í ársbyrjun 1934 með Richard Tauber í aðalkarhlutverki. Í ariunni *Freunde, das Leben ist lebenswert* (Vinir, lífið er lífsins virði) tíundar liðsforinginn Octavio dásemdir lífsins; náttúruna, ævintýrin og fagar elskandi konur.

Í hljómsveitarverkinu *Zwanzinette* byggir höfundurinn á mótífum úr óperettu sinni um verksmiðjustúlkuna Evu frá árinu 1911. Tvö seinni verk Lehárs láta tónleikagestum sjálf-sagt kunnuglegar í eyrum en hin fyrri tvö. Fyrst kemur *Weiber-Marsch* (Konumars) og síðan ástardúett Hönnu og Danilo *Varir þegja* úr *Kátu ekkjunn*.

Robert Stolz (1880–1975) er oft nefndur síðasti valsakóngurinn. Stolz var afkastamikill tónsmiður á langri ævi og er marsinn *Gruß aus Wien* nr. 898 í verkaröðinni. Óperettan *Venus in Seide* (Venus í silki) sem frumsýnd var í Borgarleikhúsinu í Zürich árið 1932, fjallar um fagra pólska ekkju að nafni Jadja Milewska-Palotay. Ung hafði hún flust til Ungverjaland, giftst þar gömlum fursta og sat nú í ríkmannlegu búi eftir lát hans. Fyrsti þáttur gerist í kjötkveðjuveislu sem hún heldur

Leðurblakan

Leðurblakan var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu 17. júní 1952 og sýnd 35 sinnum með hléum fyrir rúmlega 20 þúsund gesti fram í lok október.

Á annan í jólum 1973 var ný uppfærsla frumsýnd og gekk 50 sinnum fram í júníbyrjun 1974. Í þetta sinn sáú 26.290 manns óperettuna. Íslenska óperan flutti Leðurblökuna vorið 1985 og aftur fjórtán árum síðar. Það sýningaferli endaði með glæsilegri gestasýningu í Norðurlandahúsinu í Þórshöfn í Færeyjum.

Sardasfurstynjan

Sardasfurstynjan var sýnd í Þjóðleikhúsinu frá 18. maí til 30. júní árið 1964. Sýningin var svo tekin upp um haustið og sýnd fram á vor. Alls urðu sýningarnar 38 og sýningargestir liðlega 17 þúsund talsins. Í helstu hlutverkum voru Eygló Víktorsdóttir, Erlingur Vigfússon, Bessi Bjarnason, Herdís Þorvaldsdóttir og Guðmundur Jónsson. Íslenska óperan setti síðan óperuna upp árið 1993 með Signýju Sæmundsdóttur, Þorgeir J. Andrésson, Bergþór Pálsson, Jóhönnu Linnét og Sigurð Björnsson í aðalhlutverkum.

í höll sinni. Þar syngur hún lagið *Spiel auf deiner Geige* þar sem hún biður sígaunafiðlarann að seiða fram óð um ástir, þrár og hamingju. *Ob blond, ob braun ich liebe alle Frau'n* sem Guðmundur Jónsson söngvari þýddi *Ég hirð' ei hót um háralit á snót* er ekki úr óperettu heldur kvikmyndinni *Ich liebe alle Frau'n* (Ég elska allar konur) sem gerð var árið 1935 með tenórnum Jan Kiepura í aðalhlutverki.

Það er aftur komið að Jóhanni Strauss. *Nýja pizzicatopolkann* op. 449 samdi hann fyrir tónleikaferð Eduards bróður síns til Hamborgar 1892. Síðar notaði hann polkann sem balletttónlist í óperettu sinni *Fürstin Ninetta. Geschichten aus dem Wienerwald* (Sögur úr Vínarskógi) op. 325 er vals sem byggður er á austurrískum þjóðlögum og er einn af sex völsum þar sem Strauss notar sítar sem sólóhljóðfæri. Sítaröddin er þó oft leikin af tveimur sólófiðlum. *Tik-Tak-Polka* op. 365 er hraður polki sem Strauss mótar meistaralega úr hinum ýmsu stefnum óperu sinnar *Leðurblökunni*.

Ungverska tónskáldið Imre eða Emmerich Kálmán (1882–1953) var ásamt landa sínum Franz Lehár í fararbroddi á silfuröld vínaróperettunnar á fyrsta fjórðungi tuttugustu aldar. Eftir hann liggja 40 óperettur. *Das Veilchen von Montmartre* (Fjólán frá Montmartre) var frumsýnd í Johann Strauss leikhúsinu í Vín árið 1930. Óperettan gerist á síðari hluta nítjándu aldar og fjallar um þrjá fátæka vini sem búa á Montmartrehæðinni í París. Málariinn Raoul verður ástfanginn af götusöngkonunni Violettu sem síðar reynist vera dóttir aðalskonu. Í ariunni *Heut' Nacht hab' ich geträumt von dir* (Í nótt dreymdi mig þig) játar Raoul Violettu ást sína. Síðustu tvö atriði tónleikanna eru úr þekktustu óperum Kálmáns. *Mariza greifafnú* fjallar um titilpersónuna og fátæka greifann Tassilo sem eftir miklar fléttur og flækjur ná að unnast. Kálmán var sígaunatónlist heimalands síns jafnan hugleikin og gerði oft heillandi bræðing úr hinum snarpa sardas og þokkafullum vínarvalsinum. Í ariunni *Höre ich Zigeunergeigen* lýsir Mariza hvernig seiðandi tónar fiðlunnar og sætleiki tókajer-vínsins vekja ævintýraþrá í hjarta hennar. Í lokin ber okkur niður í lokaþætti *Sardasfurstynjunnar* þar sem gleðin er allsráðandi.

Sigurður Ingvi Snorrason



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Víkingur Heiðar leikur Brahms

Einn glæsilegasti konsert sögunnar

Fim. **23. jan.** » 19:30

Johannes Brahms Píanókonsert nr. 1
Georges Enescu Rúmensk rapsódía nr. 1
Franz Peter Schubert Sinfónía nr. 6

Cristian Mandeal hljómsveitarstjóri
Víkingur Heiðar Ólafsson einleikari

Tónleikakynning » 18:00

Fös. **24. jan.** » 19:30

Tónverkin á efnisskránni eiga það sameiginlegt að vera samin af ungum mönnum um tvítugt. Brahms frumflutti konsertinn

Tryggið ykkur miða í tíma

26 ára gamall. Nú er komið að Víkingi Heiðari að takast á við þennan magnaða konsert.

Hljómsveit á tónleikum

9., 10. og 11. janúar 2014

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Mark Reedman
Ágústa María Jónsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laufey Jensdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir
Pálína Árnadóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Greta Salome Stefánsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

VÍÓLA

Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Júlia Mogensen
Lovísa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir

BASSI

Páll Hannesson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Einar Jóhannesson
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Jón Halldór Finnsson

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Pétur Grétarsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi



Mæðginin Ágústa María Jónsdóttir og Stefán Jón Bernharðsson eru hluti af mikilvægri heild.

Stefán Jón: Ég var auðvitað alveg grænn fyrst þegar ég byrjaði í sveitinni fyrir fimmtán árum síðan. **Ágústa:** Já, en þetta vandist fljótt og ætli þetta hafi ekki snúist við í dag, þú alir mig upp. Það er allavega stuðningur í því að vinna með fjölskyldumeðlimum.

Sagt er að ákveðnar manngerðir leiki á viss hljóðfæri, eða skyldu hljóðfærin á einhvern hátt hafa mótagandi áhrif á manneskjurnar?

Að sitja inni í miðri hljóm sveit þegar allt er komið á fulla ferð er merkileg upplifun sem Ágústa María Jónsdóttir þekkir vel.

Hún kom til starfa í Sinfóníuhljóm-sveit Íslands undir lok áttunda áratugarins. Tónlistarnámið stundaði hún hér heima og í sjálfri háborg tónlistarinnar, Vín í Austurríki, þar sem menn á borð við Mozart og Beethoven sömdu verk sín forðum daga. Þó að fiðlan sé í öndvegi í símfónískum tónverkum eru hornin

engu að síður meðal glæsilegustu hljóðfæra símfóníuhljóm-sveitar og einn tónlistarmannanna sem blæs í þau er Stefán Jón, sonur Ágústu.

Það er gleðilegt að vita að í hljóm-sveitinni komi kynslóðirnar saman með eitt markmið – að þjóna tón-listargöðjunni.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljóm-sveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

www.gamma.is



GAMMA